

Íslenskur iðnaður

09. tölublað 17. árg.

September 2011

Samtök iðnaðarins

SI



Brúðkaup á Ljósanótt

Sjá nánar á bls. 4 og 5

Matarhátíðin „Full borg matar“ var haldin dagana 14.-18. september.

Hátíðin samanstóð af ýmsum viðburðum, stórum og smáum. Þar á meðal má nefna sérstaka hátíðarmatseðla á veitingahúsum, markaðstorg í miðborginni, opin hús í fyrirtækjum, heilkornsátak bakaría í Landssambandi bakarameistarara og Matardaga fagmanna í matvælagreinum. Á markaðstorginu kynntu garðyrkjubændur uppskeru haustsins og ýmis nýstárleg matvæli voru kynnt. Matís ohf. og Pottagaldrar stóðu fyrir opnu húsi. Á Matardögum 2011 í Hótel- og matvælasólunum stóðu fagmenn fyrir samkeppnum af ýmsu tagi, keppt var um titilinn Matreiðslumaður ársins, Framreiðslumaður ársins, Bakari ársins, Matreiðslunemi ársins og Framreiðslunemi ársins. Kjötiðnaðarmeistarar sýndu handbrögð við úrbeiningu og framsetningu á kjöti, bakarameistarar kynntu kosti heilkornsbrauða og gáfu gestum að smakka á ólíkum tegundum af brauði úr heilkorni og kaffibarbjónar fræddu gesti um leyndardóma kaffis af ólíkri gerð og mismunandi aðferðir við að búa til kaffi.

Sjá myndir frá hátíðinni á bls. 7



bls. 2

Á forsendum félagsmanna

bls. 3

Nýr upplýsingavefur um kjöt

bls. 4-5

Brúðkaup á Ljósanótt

bls. 5

Áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð

bls. 6

Hver á að annast gerð kjarasamninga

Á forsendum félagsmanna



Orri Hauksson
framkvæmdastjóri SI

Samtök iðnaðarins eru stærstu samtök á Íslandi sem fyrirtæki eiga beina aðild að. Innan okkar raða eru fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Sum eru með 10 starfsmenn en önnur hafa þúsundir fólks á launaskrá. Sum hafa tekjur í tugum gjaldmiðla en önnur í einum. Í sumum þeirra er fólk að störfum allan sólarhringinn einhvers staðar í heiminum en önnur starfa á 50 fermetrum hérlendis.

Meginmarkmið okkar, sem störfum fyrir sameiginlegan vettvang þessarar fjölbreyttu flóru fyrirtækja, er að vinna að bættu starfsumhverfi. Þar má nefna skattamál, menntun, peningastjórnun, hagtölur, fjárfestingar, prófmál, opinber innkaup o.fl.

Stundum stangast á hagsmunir einstakra fyrirtækja. Félagmenn SI eiga oft í harðri innbyrðis samkeppni eða standa í erfiðum samningaviðræðum sín á milli. Við reynum ekki að sætta öll sjónarmið, en sem betur fer eru grundvallarhagsmunir langflestra fyrirtækja hinir sömu. Lykillinn að farsælli hagsmunasókn er að þekkja sem best rekstur fyrirtækja innan Samtakanna, skilja ólíkar aðstæður þeirra og hið daglega umhverfi sem þau starfa í.

Undanfarnar vikur hafa starfsmenn Samtaka iðnaðarins haft samband við drjúgan fjölda stjórnenda og rýnt með þeim í stöðu fyrirtækjanna. Um þessar mundir eru viss tímamót í efnahagslífinu, þar sem dýpsta kreppan er vonandi að baki og jafnvel má leyfa sér að dreyma um ögn betri tíð. En hver er staða iðnaðarins einmitt á þessari stundu?

Nýir kjarasamningar voru undirritaðir í vor og fólu þeir í sér verulegar kauphækkanir auk eingreiðslu strax í upphafi. Fæst fyrirtæki telja fulla innistæðu fyrir þessum samningum, nema fjárfestingar aukist. Ekki ríkir mikil bjartsýni þar um hjá fyrirtækjunum og trú á fyrirheit stjórnvalda í því efni er takmörkuð.

Kreppan lék marga grátt. Sum fyrirtæki hafa skipt um hendur eða farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu. Núverandi staða er víða orðin þökkaleg þótt óvissa ríki um framhaldið. Rekstur margra fyrirtækja er í samræmi við áætlanir á fyrri hluta ársins, en

væntingar voru almennt ekki hátimbraðar í upphafi árs. Veruleg óvissa ríkir enn í efnahagslífinu, bæði hjá þeim sem hafa tekjur sínar af erlendum mörkuðum og þeim sem starfa eingöngu hér heima. Fasteignamarkaðurinn, þar með taldar nýbyggingar, virðist vera að taka rólega við sér eftir langvarandi lægð. Ljóst er að talsverð undirliggjandi þörf er fyrir tiltekna tegundir húsnæðis, svo sem smáar íbúðir, en töluvert framboð er enn af atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Á sumum svæðum á landsbyggðinni er hins vegar skortur á íbúðarhúsnæði sem heldur aftur af vexti atvinnulífsins.

Útflutningsfyrirtæki hafa átt bærilegu gengi að fagna en aðstæður á erlendum mörkuðum eru viðkvæmar, viðskiptakjör eru enn orðin ótrygg og álverð fer lækkanandi. Fjármálakerfi álfunnar sýnir svipuð teikn og sáust vestan hafs haustið 2008 í aðdraganda falls Lehman Brothers og íslensku bankanna í kjölfarið. Nú er hér uppi önnur staða og íslenska efnahagslífinu stendur ekki sama ógn af fjármálakerfinu og þá var. En opinber fjármál, skattar og gjaldeyrishöft setja hagkerfinu miklar skorður. Höftin trufla ekki dagleg viðskipti nema lítilliga en kostnaður vegna gjaldeyrisviðskipta er afar mikill. Höftin virðast helst koma í veg fyrir fjárfestingar og skapa almenna vantrú á efnahagskerfið.

Fjárfestingar hafa verið í algeru lágmarki sl. tvö ár og hafa lítið aukist sem af er þessu ári. Hins vegar er að safnast upp veruleg þörf í atvinnulífinu. Viðhaldskostnaður véla og tækja hefur hækkað umtalsvert og ekki verður hægt að halda framleiðslugetunni í horfinu, nema til komi aukin fjárfesting.

Bankarnir eru fullir fjár en góð afkoma þeirra byggist á að nýta afskriftasjóðina, en ekki að lána til arðbærra verkefna, sem ætti að vera meginverkefni bankastofnana. Fyrirtæki hafa helst fengið lán ef þau hafa getað sýnt fram á að þurfa ekki á þeim að halda. Samskipti fyrirtækja og banka eru almennt vinsamleg og skilvirk, en vilji bankanna til að vinna að uppbyggingu góðra verkefna var lengi takmarkaður þótt nú örlí á aukinni viðleitni.

Undarleg staða ríkir á vinnumarkaði.

Atvinnuleysi er nú um 7% - eða margfalt meira en verið hefur nær allan lýðveldistímenn. Þar að auki hefur fjöldi fólks flutt af landi brott og annar hópur sest á skólabeck. En þrátt fyrir snarminnkaða atvinnuþátttöku, kvarta fyrirtæki undan skorti á starfsfólki við hæfi. Þessi skortur á ekki aðeins við tæknimenntaða, heldur mismunandi starfsfólk í nær öllum greinum iðnaðarins. Kaupmáttur bóta og lægstu launa hefur hækkað langt umfram almenn laun síðustu árin auk þess sem tekjuskattar hafa hækkað verulega. Hvati til að ráðast til hefðbundinna starfa hefur beinlínis minnkað og það bitnar á framleiðni og framleiðslugetu íslensks iðnaðar. Svört atvinnustarfsemi er einnig vaxandi vandamál í mörgum greinum iðnaðarins.

Hið opinbera er mjög stór kaupandi vöru og þjónustu og er auk þess helsti verkkaupi á verktakamarkaði. Mikið þer á því að opinberir aðilar hafi horfið frá fyrri viðmiðum við val á verktökum og seljendum vöru og þjónustu. Lægstu tilboðum er tekið blint, of oft frá aðilum sem áður töldust hafa brennt allar brýr að baki sér. Slíkt skaðar heilbriggt samkeppnisumhverfi og ýtir undir kennitöluflakk.

Fyrirtæki í öllum greinum iðnaðarins finna fyrir háum sköttum og ljóst er að lengra verður ekki gengið í þeim efnunum. Stjórnvöld gætu ekki gert hagkerfinu meira gagn en að lækka skatta, ýta þannig undir aukna verðmætasköpun og leggja þar með grunn að skatttekjum framtíðarinnar. Hins vegar hafa stjórnendur takmarkaða trú á að núverandi stjórnvöld rati inn á þá augljósu braut og óttast fremur hið gagnstæða.

Samtök iðnaðarins hafa það hlutverk að vekja athygli á stöðu iðnaðarins. Við gerum það sem í okkar valdi stendur til að bæta starfsskilyrði fyrirtækjanna. Samtal okkar við félagsmenn gegnir lykilhlutverki við að afla nýjustu upplýsinga og sjónarmiða, svo að starf okkar geti orðið fyrirtækjunum að sem mestu liði.

Brotakenndur efnahagsbati

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 2,5% fyrstu sex mánuði ársins m.v. sama tíma á síðasta ári, samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar. Þjóðarútgjöld jukust um 5% en það er mælikvarði á innlenda eftirspurn í hagkerfinu. Því er ljóst að þáttur utanríkisviðskipta í efnahagslífinu dregur úr hagvexti enda er meiri vöxtur í innflutningi en útflutningi. Loks hefur Hagstofan endurmetið landsframleiðsluna árið 2010 og samkvæmt þeim tölum var samdrátturinn talsverður eða 4% en ekki 3,5% eins og fyrra mat gerði ráð fyrir.

Einkaneysla jókst um 5% milli ára og 1,8% milli fyrsta og annars ársfjórðungs á þessu ári. Einkaneysla er því einn helsti drifkraftur þess hagvaxtar sem nú mælist. Hins vegar þarf að hafa í huga að margvíslegir þættir ýta undir vaxandi einkaneyslu sem ekki fæst staðist til lengdar og verður ekki drifkraftur langvarandi hagvaxtar. Mikið fé hefur streymt út úr séreignasparnaði landsmanna bæði í fyrra og á þessu ári. Mörg heimili fá enn endurgreiðslu vegna erlendra lána, sérstök vaxtaniðurgreiðsla ríkisins nemur um 6 milljörðum í ár og loks má áætla að heimilin hafi fengið allt að fjóra milljarða í eingreiðslu vegna nýrra kjarsamninga. Allt eru þetta þættir sem ýta

undir vaxandi einkaneyslu en munu tæpast lyfta einkaneyslustiginu svo nokkru nemi. Án aukinnar fjárfestingar og útflutnings er því hætt við að nokkurt afturkippur verði í einkaneyslu á seinni hluta þessa árs og byrjun þess næsta. Hins vegar virðist þokkalegur vöxtur hafa orðið í greiðslukortaveltu á þriðja ársfjórðungi.

Fjárfesting er enn í sögulegu lágmarki og nemur nú um 13% af landsframleiðslu. Á fyrri helmingi ársins óx fjárfesting um 2% frá mjög lágu fjárfestingarstigi. Raunar þarf ekki mikla fjárfestingu til að hreyfa þessar tölur enda er magnaukningin óveruleg. Að óbreyttu er ekki mikill vöxtur í sjónmáli en hins vegar eru margar vísbendingar um að atvinnulífið hafi verulega fjárfestingarþörf.

Framlag utanríkisviðskipta er neikvætt hvað hagvöxt varðar fyrstu sex mánuði ársins og dregur þannig úr hagvexti. Útflutningur er nánast óbreyttur. Það skýrist öðru fremur af mjög lágu fjárfestingastigi í útflutningsgeiranum undanfarin ár. Á sama tíma vex innflutningur um 3,7%. Sú þróun er að mestu leyti tengd þeirri aukningu sem birtist í einkaneyslunni enda er stór hluti daglegrar neyslu okkar innfluttur.



Þversagnir á íslenskum vinnumarkaði

Einkennileg staða er nú uppi á íslenskum vinnumarkaði. Atvinnuleysi er enn afar mikið í sögulegu samhengi en horfur eru á að smávægilegur hagvöxtur verði á þessu ári eftir djúpa kreppu síðustu ára. En þrátt fyrir mikið atvinnuleysi kvarta fyrirtæki í öllum greinum iðnaðarins undan skorti á hæfu starfsfólki. Jafnvel í þeim greinum sem kreppan lék hvað harðast, s.s. byggingariðnaði, er erfitt að manna stöður. Þetta á ekki síst við um störf ófaglærðs fólks í mörgum greinum en er líka áberandi í tæknigeiranum. Óhætt er að fullyrða að nú, þegar nokkur viðsnúningur er vonandi að verða í efnahagslífinu, haldi sá skortur aftur af vexti margra greina.

Þessar aðstæður á vinnumarkaði kunna að virðast í mótsögn, þ.e. mikið atvinnuleysi og skortur á starfsfólki, en fyrir þessu eru nokkrar augljósar ástæður. Samkvæmt nýjum útreikningum Samtaka atvinnulífsins hefur kaupmáttur lágmarksbóta almannaþrygginga hækkað 50% meira en kaupmáttur almennra launa. Atvinnuleysisbætur hafa hækkað 20% umfram laun á einum áratug en kaupmáttur lágmarkslauna hefur hækkað um 12,7% umfram launavísitölu. Því verður seint haldið fram að fólk sé ofhaldið af bótum eða lægstu launum. Hins vegar má fullyrða að núverandi kerfi og þróun bóta sé vel til þess fallin að letja fólk til vinnu og þar með halda aftur af vexti íslensks atvinnulífs.

Önnur skýring liggur í stóraukinni skattheimtu sem veldur því að í tilteknum greinum er svört atvinnustarfsemi útbreidd. Háir skattar og tiltölulega auðvelt aðgengi að bótakerfi skapa hvata til að vinna ekki heiðvirða vinnu. Um leið leggjast auknar byrðar á skattgreiðendur í landinu.

Í upphafi kreppunnar jókst atvinnuleysi hratt og vinnufúsar hendur sátu aðgerðalaugar. En þróun síðustu ára bendir til að vinnufúsum höndum hafi fækkað án þess að atvinnuleysi hafi minnkað að sama skapi. Samkeppnisstaða vinnandi fólks hefur versnað mjög miðað við þá sem byggja afkomu sína á bótum eða svartri vinnu.

Nýr upplýsingavefur um kjöt



Nýr upplýsingavefur um kjöt hefur verið opnaður á slóðinni www.kjotbokin.is. Vefritið kemur í stað Íslensku kjötbókarinnar sem kom út á prenti árið 1994 en hefur verið ófáanleg um nokkurn tíma. Útgefandi vefritsins er Matís ohf. en höfundar Guðjón Þorkelsson, Óli Þór Hilmarsson og Gunnþórunn Einarsdóttir, starfsmenn Matís. Til að byrja með verður einungis að finna upplýsingar um lambakjöt en aðrar kjöttegundir munu koma í kjölfarið. Á nýja vefnum eru vandaðar myndir af kjötinu, upplýsingar um kjötmat og það hvaðan úr skrokk einstakir vöðvar eru teknir, stærð og þyngd stykkja ásamt öllum heitum þeirra. Hægt er að prenta út upplýsingaspjöld um hvern bita og nálgast margskonar efni sem tengist kjöti, m.a. um prótein-, fitu- og kolvetnainnihald. Aðgangur að kjötbókinni er ókeypis.



1



2



3



4



5



6



10



7



8

1 Berglind Magnúsdóttir, Klæðskerahöllinni hannaði og saumaði jakkafötin

2 Birna Huld Helgadóttir, Saumastofu Birnu Huld hannaði og saumaði brúðarkjólinn

3 Fjóla Þorkelsdóttir, Fjóla Gullsmiður valdi með tilvonandi brúðhjónum giftingahringi

4 Lárus Karl Ingason og Íris Pétursdóttir ljósmynduðu verðandi brúðhjón bæði fyrir og eftir athöfnina

5 Svala Björk Reynisdóttir á Snyrtistofunni Dekrið sá um að farða brúðina

Á Ljósanótt þann 2. september gekk ungt par úr Reykjanesbæ, fótboltakappinn Magnús Sverrir Þorsteinsson og Guðrún Sædal Björgvinsdóttir, í það heilaga. Undirbúningur brúðkaupsins var liður í dagskrá Ljósanætur en gestum var boðið að fylgjast með förðun, hárgreiðslu og myndatöku.

Prýði, hópur þjónustugreina innan SI, gerðu í vor samkomulag við brúðhjónin um að sjá um hluta undirbúningsins þeim að kostnaðarlausu. Í því fólst að Prýði og SI útveguðu þeim giftingahringa, brúðarkjól, herrajakkaft, höfuðskraut, hársnyrtingu, snyrtimedferðir og ljósmyndatöku. Á móti

Áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð

Samtök iðnaðarins hafa lengi haft áhuga á að greina stöðu mannvirkjagerðar til að geta metið áhrif gæðastjórnunar á greinina. Í samvinnu við Háskóla Íslands var skilgreint verkefni í þá veru og var Önnu Huldu Ólafsdóttur, nemandi í meistaranámi í iðnaðarverkfræði, falið að vinna verkefnið sem hluta af Magister Scientiarum gráðu. Sérstök áhersla var lögð á að kanna hvaða áhrif gæðastjórnun hefur á verkkaupa og þá sérstaklega hvort marktækur munur sé á ánægju verkkaupa með vinnu verktaka sem segjast starfa eftir gæðastjórnunarkerfi og verktaka sem starfa ekki eftir gæðastjórnunarkerfi.

Einnig var kannað hvort marktækur munur væri á vinnubrögðum verktaka sem vinna eftir gæðastjórnunarkerfi miðað við þá sem starfa ekki eftir slíku



Anna Hulda Ólafsdóttir

kerfi. Að lokum var könnuð staða gæðastjórnunar í mannvirkjagerð á Íslandi.

Helstu niðurstöður leiða í ljós að marktækur munur og sterk fylgni eru milli ánægju verkkaupa með framkvæmd verks sem verktaki vann eftir því hvort verktaki starfar eftir gæðastjórnunarkerfi eða ekki. Einnig sýna niðurstöður að þeir verktakar, sem segjast starfa eftir gæðastjórnunarkerfi, beita mun markvissari og skilvirkari vinnubrögðum en þeir sem starfa ekki eftir slíku kerfi.

Marktæk fylgni mældist milli margra þátta tengdum verklagi verktaka og eftir því hvort þeir starfa eftir gæðastjórnunarkerfi eða ekki.

Að lokum leiðir rannsóknin í ljós að staða gæðastjórnunar í mannvirkjagerð á Íslandi er sérstaklega slök hjá smáum verktakafyrirtækjum og telur skýrsluhöfundur að brýn þörf sé á aðgengilegu og notendavænu gæðastjórnunarkerfi fyrir slík fyrirtæki. Staðan er allt önnur meðal stærstu verktakafyrirtækjanna en þekking og verklag innan þeirra er töluvert betra en hinna fyrrnefndu.

Niðurstöður sýna, svo ekki verður um villst, að enn er víða pottur brotinn í gæðastjórnun þótt SI og fleiri aðilar hafi unnið að því síðasta áratug að bæta viðhorf og virkni gæðastjórnunar í iðnaði. Mikið verk er fyrir höndum ef tilgangur og markmið nýrra mannvirkjalaga eiga að nást.


Ritgerð Önnu Huldu Ólafsdóttir „Áhrif gæðastjórnunar á mannvirkjagerð“ má sjá í heild sinni á vef SI www.si.is undir Gæðastjórnun og rekstur – Stoðgögn - greinasafn.



Samþykktu brúðhjónin að taka þátt í kynningu á Prýði, fagmennskunni sem félagsmenn búa yfir og undirstrika mikilvægi þess að versla við fagmenn í viðkomandi fagi. Öll þjónusta nema gerð jakkafatanna var sótt til heimamanna.

Prýði – verk í höndum meistara er samstarfsvettvangur fimm fagfélaga: Meistarafélag í hárgreiðslu, Ljósmyndarafélag Íslands, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga og Klæðskera- og kjólameistarafélagið.

Pakkir fær Bói á Kaffi Duus fyrir aðstöðuna á brúðkaupsdaginn.



6 Hulda Pétursdóttir á Snyrtistofu Huldu dekraði við brúðgumann

7 Elínros hárgreiðslumeistari, Hár og Rósir

8 Sigurrós Antonsdóttir, Hár og Rósir

9 Ragnheiður Gunnarsdóttir á COCO snyrtistofu

10 Séra Skúli S. Ólafsson gaf brúðhjónin saman, dæturnar Kristín Embla og Inga Lind fylgjast hugfangnar með

Hver á að annast gerð kjarasamninga?

Flest heildarsamtök iðnfyrirtækja á Norðurlöndum hafa tekið gerð kjarasamninga á sína verkefnaskrá. Áður höfðu heildarsamtök atvinnurekenda í þessum löndum þetta viðfangsefni að mestu á sinni könnu en sinna nú meira öðrum þýðingarmiklum verkefnum sem snerta m.a. starfsumhverfi fyrirtækjanna. Eftir að hafa kynnt sér reynslu fyrrnefndra þjóða í þessum efnunum og borið hana saman við reynslu okkar hér á landi telur Brynjar Haraldsson, formaður samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, umhugsunarefni hvort ekki væri tímabært að huga að svipuðu fyrirkomulagi hér landi og að Samtök iðnaðarins

tækju þennan málflokk upp á sína arma. Á nýloknum ársfundi málm- og véltækni-fyrirtækja á Norðurlöndum – SVAPU – voru rædd mörg málefni sem snerta samskipti við launþega þessara fyrirtækja og ljóst að iðnrekendasamtökin taka gerð kjarasamninga nú enn fastari og árangursríkari tökum en fyrir þann tíma sem þau urðu beinir aðilar að þeim málaflokki. Þannig er nú reynt að tengja frekar afrakstur og getu fyrirtækjanna sjálfra til að greiða fólki sínu þau laun sem reksturinn leyfir með því að auka framleiðni og gæði á hverjum stað. Þannig á að tryggja að fyrirtækin standi rauverulega undir þeim launum sem þau

greiða starfsmönnum sínum. Þessi málaflokkur er líka orðinn tengdari iðnfyrirtækjunum sjálfum eftir að leyfð var frjálst för vinnuafis á EES-svæðinu. Það fyrirkomulag hefur að sönnu komið sér vel fyrir mörg fyrirtæki en einnig skapað vandamál sem atvinnurekendasamtökin hafa þurft að bregðast við í samvinnu við launþegasamtökin og hið opinbera. Á áðurnefndum SVAPU-fundi var einmitt ákveðið að samtökin vinni meira saman að því að safna upplýsingum um reglur og aðstöðu í hverju landi hvað varðar erlent vinnuafil á svæðinu og hvernig á því er tekið í hverju landi. Síðan er stefnt að því að afmarka þau meginatriði sem norrænu samtökin telja að laga þurfi í fram-

kvæmdinni. Að því búnu verði þau atriði rædd á vettvangi ESB þar sem allar meginákvarðanir verða teknar um framhaldið. Með slíkri vinnu ættu líkur að aukast að takast muni að ná fram umbótum á ýmsu sem tengist flutningi vinnuafis milli EES-landanna og við höfum ekki farið varhluta af frekar en aðrar norrænar þjóðir. Þar er vissulega verk að vinna og nauðsynlegt að starfa saman að lausn þeirra með fyrrnefndum hætti. Þetta skiptir alla vega miklu máli fyrir íslenskan málm- og véltækniðnað sem sér fram á aukin verkefni næstu árin að sögn Brynjars Haraldssonar, formanns MÁLMs.

Ingólfur Sverrisson

Hvaðan koma peningarnir?

Á ársfundi samtaka norrænna málm- og véltækni-fyrirtækja sem haldinn var í Svíþjóð, var m.a. fjallað um ofangreinda spurningu. Þessar atvinnugreinar vita vissulega hvaðan peningarnir koma en hafa hins vegar áhyggjur af því að þeim fari fækkandi sem gera sér grein fyrir því að svarið liggur í öflugum og arðbæru atvinnulífi. Hinum, sem halda að peningarnir komi af himnum ofan og stjórnvalda bíði aðeins það verkefni að eyða þeim, virðist hins vegar fara fjölgandi. Það góða fólk gerir sér þar af leiðandi síður grein fyrir mikilvægi öflugs og samkeppnishæfs atvinnulífs sem er og verður samt sem áður undirstaða góðra kjara, öflugs mennta- og menningarlífs, góðrar heilsugæslu og öryggis þegnanna svo að nokkuð sé nefnt. Samtök atvinnulífsins á Norðurlöndunum hafa miklar áhyggjur af þessu skilningsleysi og velta fyrir sér hvort ekki megi krefjast þess að hið opinbera leggi meiri áherslu á að fræða unga fólk í skólum landsins um þennan meginþátt þjóðlífsins. Ungu fólkinu verði gerð grein fyrir hvers vegna öflugt atvinnulíf og útflutningur í alþjóðlegri samkeppni eru forsenda þess að okkur takist að halda uppi góðum lífskjörum; peningarnir komi ekki af himnum ofan og því ekki eftir neinu slíku að bíða þaðan.

Nú er samtökum iðnfyrirtækja á Norðurlöndunum orðið ljóst að þau verða sjálf að taka þá kynningu upp á sína arma. Bæði



dönsk og sænsk samtök atvinnurekenda í málm- og véltækni undirbúa nú víðtækar aðgerðir þar sem þessi mál verða kynnt almenningsi með aðgengilegum hætti. Þau telja að ekki sé eftir neinu að bíða og nú verði verkin látin tala. Þá er spurningin hvort okkar góðu samtök á Íslandi þurfa ekki að feta sömu leið enda þörfin ekki síður brýn hér en annars staðar.

Ingólfur Sverrisson

Svipmyndir frá matarhátíðinni „Fullt hús matar“



Sigurvegari í nemakeppni Kornax Axel Þorsteinsson, Mosfellsbakari



Ný aukefnareglugerð væntanleg

Ný reglugerð um aukefni í matvælum tók gildi innan Evrópusambandsins á síðasta ári. Hún hefur nú verið tekin inn í EES samninginn og þýdd á íslensku. Reglugerðin verður bráðlega innleidd í íslenska löggjöf og tekur gildi við birtingu. Um leið mun reglugerð nr. 285 frá 2002 falla að mestu úr gildi, en viðauki II með aukefnalistunum gildir þó áfram því þeir eru enn í endurskoðun hjá ESB. Að þeirri endurskoðun lokinni mun nýr listi koma inn í viðauka nýju reglugerðarinnar. Athygli er vakin á því að í þessari nýju reglugerð er ákvæði um að ef litarefni Sólsetursgult (E 110), Kínólíngult (E 104), Karmósín (E 122), Allúrarrautt (E 129), Tartrasín (E 102) og Ponseau 4R (E 124) eru notuð í matvæli þarf að bæta eftirfarandi viðvörðun við heiti þeirra í innihaldslýsingu: getur/geta haft skaðleg áhrif á athafnasemi og eftirtekt barna. Nýja reglugerðin verður birt á vef Matvælastofnunar, www.mast.is, um leið og hún hefur verið innleidd í íslenska löggjöf.



Mælaborð iðnaðarins

var í upphafi árs kynnt á vef Samtakanna. Þar eru margvíslegar hagtölur, er lýsa stöðu iðnaðarins aðgengilegar með nýstárlegum hætti og byggja á sjálfvirkri uppfærslu gagna.

Starfsskilyrði iðnaðarins og mælaborð iðnaðarins eru arftakar Hagtalna iðnaðarins sem gefnar voru út ásamt almanaki einu sinni á ári í tæp 40 ár. Markmiðið er hið sama og áður sem er að kynna stöðu og starfsskilyrði iðnaðarins í samfélaginu og auka eins og kostur er þekkingu og skilning á þýðingu og vægi iðnaðarins í heild sinni frá ólíkum sjónarhólum.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
09. tbl. 17. árg. September 2011
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 23.09.2011

Prentvinnsla: Prenttækni hf.

Plastpökkun: Bjarkarás

Ljósmyndir: Odd Stefán, Lárus Karl Ingason, Íris

Pétursdóttir, forsíða og bls. 4 og 5, Marínó Thorlacíus bls. 8

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019

www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson

Ritstjóri: Rakel Pálsdóttir

Prófarkalestur: Rakel Pálsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er fjárlst að nota ritad efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Hugmyndaríkir grunnskólanemendur



Verðlaun voru veitt í lokahófi Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda en keppnin var nú haldin í tuttugasta sinn 11. september sl. Athöfnin fór fram í höfuðstöðvum Marel, sem verið hefur bakhjarl keppinnar frá upphafi. Tólf hugmyndir af þeim 1.872 sem bárust frá 46 grunnskólum víða um land voru verðlaunaðar í ár.

„Hugmyndasmiðir Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda hjálpa okkur að sjá lífið í nýju ljósi,“ sagði forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson verndari keppinnar, í hátíðarárvarpi sínu en hann afhenti sigurhugmyndunum tólf verðlaun.

Mennta- og menningarmálaráðherra Svandís Svavarsdóttir, flutti einnig ávarp og afhenti viðurkenningarskjöl til þátttakenda og grunnskóla. Þá kynntu þátttakendur sjálfir hugmyndir sínar fyrir gestum. Tilgangur keppinnar er að efla nýsköpunarstarf í grunnskólum og gera börnum grein fyrir sköpunargáfu sinni og hvernig þroska megi hana í gegnum vinnu með eigin hugmyndir. Aðalbak-

hjarlar keppinnar eru Marel hf., Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands.

Hofsstaðaskóli með flestar hugmyndir

Farandbikarinn fyrir hlutfallslega flestar hugmyndir í keppninni hlaut Hofsstaðaskóli í Garðabæ. Var þetta þriðja árið í röð sem Hofsstaðaskóli hlýtur bikarinn og fær hann því til eignar. Brúarásskóli á Egilsstöðum varð í öðru sæti og Brúarskóli í Reykjavík í þriðja.

Guðrúnarbikarinn

Anna Hulda Ólafsdóttir afhenti bikarinn til minningar um móður sína Guðrúnu Þórsdóttir. Guðrúnarbikarinn hlaut Júlía Kristín Kristinsson úr Vogaskóla í Reykjavík. Hugmynd hennar, „Kinda augnskýli“,



er ætlað að vernda kindur og lömb fyrir ösku. Guðrúnarbikarinn er veittur hugmyndasmið sem er talinn hafa skarað fram úr fyrir hugmyndaríki, dugnað, að vera fylgin sér kurteisi og samvirksemi. Júlía Kristín hlaut Guðrúnarbikarinn til eignar með þá von að bikarinn fylgi sá kraftur og hvetjandi innblástur sem fylgdi Guðrúnu Þórsdóttur, sem var ein af upphafsáðilum keppinnar.

Sjá nánar á vef Samtakanna www.si.is.

Ert þú að nýta þér aðild þína?

Kynntu þér framboðið á fjölbreyttum námskeiðum í námsvísi IDUNNAR eða á vefsíðu okkar www.idan.is



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is

Fyrirtækjþjónusta IDUNNAR

Ert þú að ná fram því besta í þínu fólk? Á hverri önn býður IDAN að meðaltali upp á 150 fagtegg námskeið sem hafa það að markmiði að vera fyrst og fremst hagnýt. Einnig er boðið upp á sérsniðin námskeið að þörfum hvers fyrirtækis.

Engin fyrirhöfn - aðeins ávinningur - Hafðu samband við Fyrirtækjþjónustu IDUNNAR í síma 590 6400 eða í gegnum netfangið idan@idan.is og fáðu nánari upplýsingar.

Nýttu þér aðild þína að IDUNNI þú nýtur umtalsverðrar niðurgreiðslu af kostnaði við námskeiðahald og endurmenntun með aðild þinni að IDUNNI. Með aðildinni getur þú nýtt þér þau fjölmörgu tækifæri til að ná fram betri og hagkvæmari rekstri án mikils kostnaðar. Náms- og starfsráðgjafar IDUNNAR bjóða upp á ókeypis viðtöl við starfsfólk þar sem hvatt er til símenntunar og þátttöku í eigin starfsþróun.

Matvæladagur MNÍ 2011

Matvæladagur MNÍ 2011 verður haldinn 18. október á Hilton Reykjavík Nordica Hótel. Yfirskrift Matvæladagsins er Heilsutengd matvæli og markfæði, þar sem fjallað verður meðal annars um íslenska vöruþróun, framleiðslu, rannsóknir og markaðssetningu. Í upphafi Matvæladags verður Fjöregg MNÍ afhent fyrir lofsvert framtak á sviði matvæla og næringar. Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu eru á vef Matvæla- og næringarfræðafélagsins, www.mni.is.